



Stafrænt ráð

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að borgarbúum verði gert kleift að ávarpa borgarstjórn

Á fundi borgarstjórnar þann 5. september 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands til meðferðar stafræns ráðs:

Borgarstjórn samþykkir tilraunaverkefni til eins árs sem felur í sér að borgarbúum verði boðið að koma að tjá sig um ákveðin málefni á borgarstjórnarfundi. Lagt er til að borgarstjórn feli forsætisnefnd að útbúa ferilinn. Markmiðið með þessari tillögu er að borgarbúar fái færi á því að ávarpa borgarstjórn beint um málefni sem tengjast þeim. Forsætisnefnd verði falið að leggja fram viðeigandi breytingar eða viðauka sem gæti þurft að gera á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar við útfærslu þessa tilraunaverkefnis. Þá þarf einnig að búa til feril utan um það hvernig íbúar geti skráð sig til þátttöku, hversu lengi megi tjá sig og hvort að fjöldi íbúa sem ávarpi hvern borgarstjórnarfund verði takmarkaður. Lagt er til að við útfærslu þessa verkefnis verði nokkrir möguleikar fyrir mætingu, hægt verði að mæta á staðinn í persónu og tjá sig á fundinum rafrænt í gegnum fjarfundarbúnað.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal

e.u.

Samrit:

Hjálagt: